

Fundargerð stjórnar 30/8 2021

Mættir: Daníel Örn Hinriksson, Marianna Gunnarsdóttir, Helga Kolbeinsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Anna Guðjónsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir og Auður Sif Sigurgeirsdóttir.

Framkvæmdastjóri sat fundinn.

Bókun þegar samþykkt er erinda milli funda:

Deildarsýningar.

Stjórn hafa borist þó nokkrar umsóknir um deildarsýningar. Þá þykir stjórn rétt að áréttu að í Starfsreglum ræktunardeilda segir undir liðnum deildarsýningar;

1. Ræktunardeildum er heimilt að halda deildarsýningar að fengnu leyfi stjórnar HRFÍ að fenginni umsögn sýningarstjórnar HRFÍ. Umsókn þarf að hafa borist stjórn HRFÍ eigi síðar en 6 mánuðum áður en sýning er fyrirhuguð. Stjórn HRFÍ getur heimilað sýningu sem sótt er um með styttri fyrirvara. Leitast skal við að velja dómara sem býr yfir sérþekkingu á viðkomandi tegund (tegundum).

Mars 2018

2. Umsókn skal fylgja fjárhagsáætlun, stað- og dagsetning sýningar og hvaða tegund skal dæma (tegundir í tilviki hóp- og safndeilda). Umsókn og fjárhagsáætlun skulu vera á þar til gerðum eyðublöðum (Umsókn um deildarsýningu, Fjárhagsáætlun deildarsýningar) sem aðgengileg eru á heimasíðu HRFÍ. Umsókn er metin ófullnægjandi ef niðurstaða fjárhagsáætlunar er neikvæð, þ.e. gjöld eru hærrí en tekjur. Hagnaður rennur til ræktunardeildar sem jafnframt ábyrgist á fullnægjandi hátt tap af viðkomandi sýningu.

Schnauzerdeild; Að fenginni umsögn sýningarstjórnar, samþykkti stjórn einfalda deildarsýningu deildar helgina 17.-18.júlí 2021. Umsókn barst stjórn þann 20.maí síðastliðinn. Þá hefur deildin sótt um aðra deildarsýningu þann 29.nóvember 2021 en gerir sýningarstjórn athugasemd við dagsetning og tímasetningu, mánudagur klukkan 13:00. Samþykkir stjórn sýninguna.

Terrierdeild; Að fenginni umsögn sýningastjórnar samþykkir stjórn deildarsýningu deildarinnar 30/10 2021.

Mjóhundadeild; Að fenginni umsögn sýningarstjórnar og athugasemdum hefur stjórn félagsins óskað eftir lagfæringu á umsókn deildarinnar.

Fjár- og hjarðhundadeild; Að fenginni umsögn sýningastjórnar samþykkir stjórn deildarsýninguna.

Ungmennadeild. Formaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri sátu fund með fulltrúum stjórnar ungmennadeildar þar sem farið var yfir fjármál deildarinnar, aðgang að yfirliti á stöðu reikninga og samningum um styrki.

Aukin dómaraþéttindi.

Þá staðfesti stjórn dómaraþéttindi Sóleyjar Rögnu Ragnarsdóttur á miniatyre schnauzer, að fengnum meðmælum sýningadómaranefndar.

28.júní skoðaði stjórn fasteignina Blíðubakka í Mosfellsbæ. Þótti hún ekki góður kostur fyrir starfsemi félagsins.

Stjórn sendi athugasemdir við reglugerðarbreytingu MAST um innflutning hunda og katta.

Svæðafélag Suðurlands.

Óskað hefur verið eftir stofnun svæðafélags á suðurlandi. Erindið barst stjórn þann 13/6 2021. Af því tilefni tók stjórn reglurnar til endurskoðunar en þær eru síðan 1994.

Sólheimakot og afnot deilda. Ljóst er að Sólheimakot er að fyllast af frystikistum og þarf að bregðast við því fyrir augnskoðun félagsins í október. Guðný sendir erindi fyrir hönd stjórnar.

Afmæli félagsins. 4.september. Auður Sif ritar orðsendingu er varðar afmælið til birtingar fyrir facebook og heimasíðu.

Undanþágubeiðni barst frá félagsmanni þar sem óskað var eftir því að þara tík sem ekki hefur náð lágmarksaldri til þörunnar af heilsufarslegum ástæðum. Þá staðfestir dýrlæknir í skriflegri yfirlýsingu að tíkin hafi verið til meðferðar við legbólgu og af þeim sökum er tíkin farin að lóða fyrr en gert var ráð fyrir. Staðfestir dýralæknir í yfirlýsingu sinni að tíkin sé fullvaxta, í góðum holdum og heilbrigð og áhætta á síendurteknum legbólgu minnki til muna. Undanþágubeiðnin er samþykkt.

Fundur með sýningastjórn varðandi sýningar félagsins.

Ljóst er að gríðarlega erfitt er orðið að manna þau stöðugildi sem þarf að manna fyrir tvöfaldarsýningar félagsins. Á síðustu sýningu þurfti 24 stöðugildi og voru 6 vanir einstaklingar starfandi á sýningunni. Er þetta viðvarandi vandamál á tvöföldum sýningum en sérlega illa gekk að þessu sinni. Þá þykir ekki ástæðan vera að sýningin var haldin á tveimur stöðum, hringir hefðu alltaf verið þetta margir vegna mikillar skráningar. Ákall var til félagsmanna og annarra að starfa á sýningunni og hafðist það með naumindum. Því voru sýningastjórn og stjórn félagsins sammála að fullreynt er að halda tvöfaldar sýningar.

Fundi slitið